

157. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands 5. maí 2008. Haldinn á Kastrup flugvelli

Mætt: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

- 1. Útboð á söfnun pappírs og endurvinnanlegra efna.**
Framkvæmdastjóri kynnti stöðu á verkefninu, 85 % sveitarfélaganna hafa svarað. Stefnt er að því að útboðsgögn verði tilbúin í maí. Markaðs- og kynningarmál rædd. Framkvæmdarstjóra falið að leita eftir samstarfi við auglýsingarstofu.
- 2. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.**
Öll sveitarfélögin utan Hveragerði hafa samþykkt áframhaldandi þátttöku í svæðisáætlun. Samþykkt að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Hveragerðis. Fundargerð verkefnisstjórnar 10. apríl lögð fram til kynningar. Komið hefur fram að núverandi áætlanir gera ráð fyrir að kostnaður vegna flutnings frá flokkunarstöðum sé innifalinn í samræmdu móttökugjaldi.
- 3. Bréf Hrunamannahrepps - móttaka á heyi.**
Móttöku á smituðum heyrúllum inn á urðunarsvæðið á Kirkjuferjuháleigu hafnað þar sem úrgangurinn samræmist ekki starfsleyfi staðarins. *Bent er á að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja er tilbúin til að taka við rúllunum til brennslu.*
- 4. Förgun ehf.**
Framkvæmdarstjóri kynnti málefni og rekstur verksmiðjunar. Stór viðhaldsverkefni og gengismunur á erlendu láni hafa haft neikvæð áhrif á rekstur verksmiðjunar fyrstu 4 mánuði ársins. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands fer fram á að Förgun ehf. leggi fram 3-5 ára áætlanir um rekstur verksmiðjunar ásamt markaðs- og söluáætlun til sama tíma.
Ragnheiður Hergeirsdóttir fer með atkvæði Sorpstöðvar Suðurlands á aðalfundi Förgunar ehf.
- 5. Flokkunar- og umhleðslustöð.**
Í ljósi þess að urðun á Kirkjuferjuháleigu verður hætt í lok árs 2009 er framkvæmdastjóra falið að undirbúa frumhönnun og kostnaðaráætlun vegna uppsetningu flokkunar- og umhleðslustöðvar. Framkvæmdastjóra er einnig falið að kynna verkefnið verkefnisstjórn um sameiginlega svæðisáætlun.
- 6. Önnur mál.**
Færanleg brennsla: Framkvæmdarstjóri kynnti stöðu málsins fyrir liggja tillögur um mögulegan búnað og hvernig hægt er að standa að rekstri hans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:55